16. apríl 2015

Sumarstörf hjá Hafnarfjarðarbæ

Nú er umsóknarfresti lokið varðandi sumarstörf okkar. Um 500 umsóknir bárust fyrir aldurshópinn 17 ára og eldri en nemendur í 8. – 10. bekk sækja um í maí.

Á níunda hundrað umsóknir bárust í fyrra vegna sumarstarfa fyrir 17 ára og eldri þannig að það er um umtalsverða minnkun að ræða. Í ár skiptast umsóknir svona:

82 umsóknir fyrir 17 ára
212 umsóknir fyrir 18-20 ára
209 umsóknir fyrir 21+

Í fyrra sóttu um 130 manns sem voru 17 ára um vinnu og fengu allir vinnu og eru tæplega helmingi færri núna að sækja um.

Þetta mun hafa áhrif á starf okkar í sumar og við þurfum að endurskoða áætlanir og lenda jafnvel í smá vanda með að uppfylla þá samninga sem við ætluðum að gera.

Geir Bjarnason

ÍTH gæti bókað í þessa veru:

Stjórnendur Vinnuskólans fá heimild til að auka við vinnutímamagn hjá þeim aldurshópum þar sem umsóknarfjöldi minnkar eða mest þörf er talin vegna sumarverkefna. Þessi heimild gildir svo framarlega sem ekki verði til kostnaðar umfram fjárheimildir.